

upplýsingar í málinu, er hin nýju próf kynnu að gefa tilefni til eða sem álitast kynnu nauðsynlegar við ítarlegri prófun málsins.

Með því að samkvæmt ofansögðu þarf að yfirheyra dómarrann sýslumann Lárus H. Bjarnason, er haft hefir málið til meðferðar hingað til, verður óhjákvæmilegt, að framhaldsrannsókn málsins, sem fyrirskipuð er með þessum úrskurði og úrskurðinum 12. f. m., verði falið öðrum manni en nefndum sýslumanni, og væntir yfirdómurinn þess, að setudómari verði því skipaður til að fara með málið nú þegar, til þess að það megi hafa sem greiðastan gang.

Því úrskurðast:

Framangreinda framhaldsrannsókn ber að framkvæma svo fljótt sem unt er.

Mánudaginn 16. febrúarmánaðar.

Nr. 25/1902:

Jón Steinason
gegn
Jóni Helgasyni.

Dómur:

Hinn 1. okt. 1901 kom áfrýjandinn skipstjóri Jón Steinason inn í verzlunarbúð stefnda, kaupmanns Jóns Helgasonar hér í bænum. og sýndi honum ávísunarseðil, sem stefndi hafði gefið út til handhafa, að upphæð 5 kr. 74 a., og krafði hann um borgun á upphæðinni. Stefndi vildi eigi borga

upphæð sedilsins að svo komnu, en það áfrýjanda að lána sér hann til skoðunar, og það gjörði áfrýjandi. Stefndi færðist þó enn undan að borga upphæðina, með því að hann áleit, að hann væri þegar búinn að borga öðrum manni hana, en samt hélt hann ávísunarseðlinum. Jón Steinason höfðaði þá mál gegn Jóni Helgasyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, til þess að fá hann dæmdan til að borga greinda upphæð, en með dómi bæjarþingsréttarins, uppkveðnum 19. desbr. 1901, var Jón kaupmaður Helgason sýknaður í málinu, og sækjandi dæmdur til að greiða honum 8 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Jón Steinason skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 20. júní f. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að Jón kaupmaður Helgason verði dæmdur til að greiða áfrýjanda upphæð ávísunarseðilsins 5 kr. 74 a. með 6% vöxtum frá 2. okt. 1901, og að auki allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir yfirdómsins mati. Af sinni hálfu krefst stefndi Jón Helgason þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Stefndi hefir kannast við það, að hann hafi gefið út ávísunarseðil þann, sem áfrýjandi sýndi til borgunar 1. okt. 1901, og að hann hafi hljóðað um borgun til handhafa, og að upphæð hans hafi verið 5 kr. 74 a. Þar sem þetta alt er viðurkennt af stefnda og upphæð sedilsins átti að sjálfsögðu, þar sem annað var ekki nefnt, að greiðast við

sýningu, var stefndi skyldur að greiða áfrýjanda ávísunarupphæðina þegar í stað, nema hann sann-
aði, að áfrýjandi væri ólögmaður handhafi sedils-
ins, en það hvorki gjörði hann þá er sedillinn var
sýndur né hefir síðan gjört. Áfrýjandi hefir heimt-
að upphæð sedilsins greidda í peningum og segir
að það sé samkvæmt innihaldi sedilsins, og þar
sem stefndi eigi hefir lagt fram sedilinn, sem hann
einn gat gjört, með því að hann hefir haft hann í
sínum vörzlum síðan 1. okt. 1901, verður að taka
þessa framsögn áfrýjanda og þar með einnig kröfu
hans um peningaborgun til greina.

Samkvæmt þessu verður að dæma stefnda til
að greiða áfrýjanda 5 kr. 74 a., en eigi verða á-
frýjanda dæmdir vextir af upphæð þessari, með
því að þeirra er ekki krafist í áfrýjunarstefnunni.
Eftir þessum úrslitum verður stefndi og að greiða
áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, sem
ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Helgason kaupmaður greiði
áfrýjanda Jóni Steinasyni skipstjóra 5 krónur
74 a. og málskostnað að upphæð 30
krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu
8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri að-
för að lögum.